

Nd.

63. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið rækilega og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingartillögum. Einn nefndarmaður (PO) hefir þó nokkra sérstöðu og mun bera fram frekari breytingar. Var hann fjarverandi þegar gengið var frá nefndaráliti. Annar nefndarmaður (BÁ) skrifar undir með fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. 1. gr. frumv. orðist þannig:

Á 1. gr. laganna verði þessar breytingar:

1. Á eftir skilgreiningu á orðunum „ós í sjó“ komi:

Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó eftir reglunni, getur veiðimálastjóri, að fengnum tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark, og sé það ákveðið í eitt skipti fyrir öll meðan lögín standa óbreytt.

2. Í orðaskýringarnar bætist í rétttri stafrófsröð:

Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

Kvísl: Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr þegar vatnsborð er lægst.

3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem ekki er í greinilegur straumur, annar en sá, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem í er greinilegur straumur, þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

II. Við 2. gr. Síðari másl. orðist svo: Þó er ádráttarveiði eigi heimil eftir 31. ágúst, en stangarveiði getur ráðherra leyft til 20. sept., ef veiðimálastjóri mælir með því.

III. Á eftir 8. gr. frumv. bætist ný grein, og breytist greinatala samkv. því:

Fyrsti másl. 33. gr. laganna orðist svo: Nú rennur á eða ós í kvíslum.

IV. Ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi:

Aftan við 91. gr. laganna bætist: Sama gildir um ólöglegt veiðifang.

Alþingi, 27. febr. 1936.

Bjarni Ásgeirsson,
form., með fyrirvara.

Jón Pálmason,
frsm.
Emil Jónsson.

Páll Zóphóniásson,
fundaskr.